

97. Bjarnarflagsvirkjun¹

Jarðhitasvæði virkjunarinnar er kennt við Námafjall, en Bjarnarflag er vestan fjallsins. Háhitasvæðið teygir sig nokkuð suður fyrir fjallið og í norðri rennur það saman við jarðhitasvæði kennt við Kröflu. Yfirborðsummerki jarðhita er að finna á um 4 km² við Námafjall, en viðnámsmælingar gefa til kynna um 20 km² háhitasvæði. Austan Námafjalls er virkur yfirborðshiti á Hverarönd. Þar eru áberandi ummerki á yfirborði, sem koma fram í fjölbreyttum litbrigðum og leirhverum. Allir stærstu gufuhverirnir austan við leirflagið eru afsprengi gamalla borhola frá tímum tilrauna til brennisteinsvinnslu.

Afmörkun jarðhitasvæðanna er byggð á tiltekinni túlkun viðnámsgagna. Vinnslusvæði innan þessa viðnámskjarna eru annars vegar í Bjarnarflagi og hins vegar í Kröflu. Hermun Námafjallskerfisins bendir til að áformuð vinnsla í Bjarnarflagi muni ekki hafa umtalsverð áhrif á jarðhita á Hverarönd (Ásgrímur Guðmundsson og Ómar Sigurðsson 2003, Halldór Ármannsson og Ásgrímur Guðmundsson 2003).

Landvirkjun ráðgerir að nýta svæðið og reisa 90 MWe virkjun í Bjarnarflagi, í tveimur áföngum. Virkjun við Bjarnarflag hefur undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun féllst á virkjunina með skilyrðum (26. febrúar 2004). LV lagði fram til mats tvo megin kosti um staðsetningu (A og B), og var fallist á báða. LV hugnast kostur A betur. Kostur B var staðsettur norðan þjóðveggar. Samkvæmt kosti A yrði virkjun staðsett meðfram vesturhlíð Námafjalls, sunnan þjóðveggar um Námaskarð.

Virkjunin hefur verið verkhönnuð. Ýmsar hugmyndir hafa verið settar fram um fyrirkomulag bygginga og litaval til að byggingar falli sem best að umhverfinu og verði ekki áberandi. Áætlað er að bora þurfi 10 nýjar holur. Flestar yrðu boraðar á svæði milli þjóðveggar og stöðvar, frá 3 borteigum, en nokkrar yrðu boraðar norðan þjóðveggar frá 2 borteigum.

Með viðnámsmælingum hefur stærð jarðhitasvæðisins sem virkjun vinnur úr verið áætlað um 20 km². Borsvæði er um 1-2 km². Með stefnuborunum má ná til enn stærra vinnslusvæðis.

Kennistærðir

Afl og orka

Stærð	20 km ²
Uppsett afl	2x45 MW
Orkugeta	740 GWh/ári


Borholur

Núverandi	6
Fyrirhugaðar	10
Afl til reiðu	~40 MW

Hagkvæmniflokkur

1

¹ Landsvirkjun Power, 2009. *Virkjunarkostir á háhitasvæðum við Mývatn, Gjástykki og Þeistareyki*. Skýrsla LV-2009/041. Apríl 2009.



Skýringar

- | | |
|-------------------------------|------------------|
| • Aðrir borholur | — Aðrir vegir |
| • Gufuöflunarholur | — Stofnvegir |
| □ Iónaðarsvæði skv. skipulagi | — Tengivegir |
| ■ Byggingarrellir | — Safnvegir |
| | — Landsvegir |
| | — Almennir vegir |

**Bjarnarfagsvirkjun
Afstöðumynd**

LVP / thth 2009.04.01

Kortgrunnur: Loftmyndir 10m
Cad gögn: Mannvit 29.4.2008